

# Lokaverkefni í áttthagafræði skólaárið 2022-2023

Árgangur 2007

## Minn staður í Snæfellsbæ

### Djúpalónssandur

Djúpalónssandur eða Djúpalón er staður sem margir fara að skoða. Djúpalón er staðsett á sunnanverðu Snæfellsnesi og nafnið má rekja til fyrstu landnámsmanna á Íslandi fyrir um það bil tólf hundruð árum. Þegar þú ætlar að heimsækja Djúpalónsand eittþvert tímunn skaltu fara



varlega vegna þess að leiðin að ströndinni er stutt og mjó. Þegar þú ert kominn niður að Djúpalónssandi er hægt að sjá gamlan hraunstein með holu í miðjunni og gnæfir yfir. Það eru líka margt áhugaverð örnefni þar sem koma til út af þjóðsögum frá svæðinusögu. Í Djúpalóni ofarlega í fjörunni eru svo kallaðir aflraunasteinar. Það eru nokkrir steinar sem eru mis þungir og heita ákveðnum nöfnum, léttasti steinninn er nefndur Amlóði og er 23 kg svo kemur hálfdrættingur sem er 54 kg, og svo er Hálfsterkur og svo er þyngri steinninn sem heitir Fullsterkur og hann er 154 kg. Fjöruborðið er þakið svörtum slípuðum steinum á eftir sjóinn og margri vilja taka með sér steina en það má því að svæðið er friðlýst. Þegar það er gott veður og sólin hátt á loft þá er Djúpalónssandur með Snæfellsjökul í baksýn, mjög fallegur staður til að heimsækja. Innst í Djúpalóni er tjörn sem heitir Svörtulón og þar er hægt að baða sig. Staðurinn á sérstakan stað í hjarta mínu vegna þess að mér finnst allir staðir sem eru meðfram strönd eitthvað svo fallegir og sérstaklega ef þeir hafa einhverja sögu að geyma þá eru þeir enn þá meira aðdráttarasfl.

## Stapafell

Staðurinn í Snæfellsbæ sem ég valdi að segja frá er Stapafell. Stapafell er fjall sem gengur suður úr undirhlíðum Snæfellsjökuls og er 516 metrar á hæð. Á toppi fjallsins er kletturinn Fellskross sem er fornt helgítákn. Fjallið stendur við Arnarstapa og er talið vera bústaður dulvætta. Skip var



nefnt eftir fjallinu, (Stapafell SH-15 í eigu Víglundar Jónssonar) sem var meðal aflahæstu skipa Ólafsvíkur á sínum tíma. Skammt frá Stapafelli er Rauðfeldargjá en þar er hægt að ganga inn eftir gjánni. Nafnið Rauðfeldargjá er tilkomið vegna þess að Bárður Snæfellsás fleygði frænda sínum, Rauðfeldi niður gjánna meir má lesa um það í Sögunni um Bárð Snæfellsás.

## Malarrif

Malarrif er staðsett vestan við Lóndranga og er í 2 kílómetra fjarlægð frá Þjóðveginum. Á Malarrifi var eitt sinn útgerð og einnig útræði allt að aldamótum 1900. Malarrifsviti var fyrst byggður árið 1917 og var hann mikilvægur fyrir sjómenn í margar aldir og var vitinn endurbyggður árið 1946 og er hann 20 m á hæð. Malarrif var eitt sinn bóndabýli og frá 1975 - 1990 var leiðin að Malarrifi



erfið og íhuguð hættuleg þar til fært var vegin nær ströndinni í kringum 1980.

Ástæðan afhverju ég valdi Malarrifi sem minn stað í Snæfellsbæ er af því ég hef farið að Malarrifi áður með fjölskyldunni minni þegar ég var yngri og þótti það gaman og einnig vegna vitans sem þar stendur og fallegu náttúrunni allt um kring.

## Gufuskálar



Gufuskálar eru kenndir við landnámsmanninn Ketil Gufa Örlygsson sem bjó þar í einn vetur, einu sinni voru Gufuskálar tvíbýli þar sem helmingurinn af Gufuskála átti konungur en hinn helmingurinn átti kirkjan á Staðastað. fólk hafa búið þar, þar til að 1948 og var það ysta býlið á Neshreppi Ennis, Árið 1959 var reist lóranstöð sem var 183 m á hæð og þessi lóranstöð var kölluð lóranstöð A, 1963 var reist lóranstöð C sem var 412 metra á hæð sem er næsta hæsta mannvirki í Evrópu, árið 1970 var breytt Gufuskálum í veðurathugunarstöð og er það enn, 1993 var slökkt á sendingum á lóranstöð C og var skipt út fyrir staðsetningartæki. Árið 1999 byrjaði starfsemi milli Slysavarnafélagsins Íslands og Landsbjörg Gufuskála, þá var breytt nafninu úr Landsbjörg Gufuskála í Slysavarnafélagið Landsbjörg, það var líka breytt öllum hugbúnaði inni til þess að mæta kröfum um alhliða þjálfun araðstöðum, og var notað sem æfingasvæði fyrir björgunar-sveitina þar til 2013, núna eru Gufuskálar veðurathugunarstöð. Það er hægt að finna Gufuskálar í u.þ.b. tveggja kílómetra fjarlægð vestur frá Hellissandi.

## Arnarstapi

Arnarstapi er lítill bær eða þorp á sunnanverðu Snæfellsnesi áður fyrr var hann mikilvægur verslunarstaður en í dag er rekin öflug ferðapjónusta á staðnum með úrval gistingar og veitinvastaða. Bryggjan á Arnarstapa er góð fyrir smábáta og er hún umlukin súlubasalti, gili og hellum. Meðfram Arnarstapa er falleg gönguleið þar sem hægt er að sjá fuglalíf og stórfenglegar hraunmyndanir efri gos fyrri alda. Ströndin milli Hellna og Arnarstapa hefur verið friðuð síðan

1979. Arnarstapi hefur mikið af fallegum gömlum húsum, fallega náttúru og sögu allt um kring. Þegar Danmörk tók yfir Ísland varð Arnarstapi mikilvægur verslunarstaður á Íslandi og Danir lögðu mikla áherslu að Arnarstapi væri sem slíkur. Arnarstapi kom fyrst fyrir í Íslandssögu þegar Bárður Snæfellsás sem var hálfur maður og hálf troll. Bárður kom til Íslands í kringum árið 1000 og gaf Snæfellsnesi nafnið Snjófellsnes sem síðar fékk nafnið Snæfellsnes eins og við þekkjum það í dag. Bárður Snæfellsás var kallaður verndari suðurhluta Snæfellsness og var skrifuð mikil saga um hann og ferðir hans um Snæfellsnes. Á Arnarstapa var hlaðin stytta til minningar um Bárð og er hún mjög vinsæl meðal ferðamanna. Bárður var sagður hafa átt sjö dætur en hann hélt mest upp á yngstu dóttur sína hana Helgu. Sagt er að Helga hafi verið að leika sér með frændum sínum



Rauðfelldi og Sölva í fjörunni nálægt ísjökum. Fór Helga út á einn ísjakann og Frændurnir ýttu þeir Sölvi og Rauðfeldru henni út á sjó og komst hún ekki aftur tí land. Bárður fréttir af þessu og leitar frændur sína uppi. Hann tekur Rauðfeld og hendir honum í gjá sem nú heitir Rauðfelldargjá. Hann tekur svo Sölva og hryndir honum niður af klettabrún á Arnarstapa sem nú kallast Sölvahamar.

Bárður varð mjög þunglyndur eftir hvarf dóttur sinnar og gekk inn í Stapafell og hefur aldrei sést eftir það. Það er kenning um það að Helga hafi strandað á Grænlandi. Sú kenning gæti mögulega verið sönn af því að það eru til sögur á Grænlandi sem segja frá Helgu sem lenti á ströndum Grænlands og varð mjög þekkt og talin hafa gifst ríkum manni. Arnarstapi er sérstakur fyrir mig af því að fjölskyldan mín á sumarbústað þar og við erum flest sumur þar. Arnarstapi hefur einnig sérstakur fyrir mig af því að þar er svo mikil náttúrufergð, fuglalíf og nálægð við sjóinn er svo mikil.

## Snæfellsjökull



Snæfellsjökull er eini jökullinn á Snæfellsnesi. Jökullinn er 1.446 m á hæð og er staðsettur vestast á Snæfellsnesi. Snæfellsjökull er í þjóðgarðinum Snæfellsjökull sem er 183 km<sup>2</sup> að stærð og er einn af þrem þjóðgörðum landsins. Snæfellsjökull er virk eldkeila sem hefur nokkrar eldstöðvar í kringum sig. Snæfellsjökull gaus síðast fyrir um 1750 árum en jökullinn hefur gosið alloft á síðustu 10.000 árum. Snæfellsjökull er náttúruperla á Snæfellsnesi og flykkjast margir ferðamenn að ár hvert til að skoða hann. Á heiðskýrum dögum er hægt að sjá jökulinn frá Reykjavík yfir Faxaflóann og þegar sólsetur er mikið þá logar jökulinn.

5. nóvember 1993 áttu geimverur að lenda á Snæfellsjökli og sýna sig opinberlega í fyrsta sinn í fyrir mannkyninu. Um 500 manns söfnuðust saman uppi á jöklinum til þess að verða vitni af þessum sögulega atburði. Von var á geimverunum sjö mínútur yfir níu og lögregla og björgunarsveit voru í viðbragsstöðu ef ske kynni að geimverurnar boðuðu hættu. Innlent og erlent sjónvarps- og kvik- myndatökulið tilbúið með myndavélarnar til að mynda þennan sögulega atburð.

Snæfellsjökull er einn af mínum uppáhalds stöðum á Snæfellsnesi og er megin ástæðan sú að jökullinn er á mínum heimaslóðum, mikil saga er á bak við hann og einnig er hann mjög fallegur. Svo er hægt að fara á vélsleða og renna sér á skíðum, bretti, og sleðum niður hann sem er góð útivera fyrir alla. Þegar þú ert á toppnum á Snæfellsnesjökli er útsýnið stórfenglegt, þú sérð út á Reykjanes og yfir Breiðafjörðinn til vesturs.

## Dritvík

Á 17. öld fram að 19. öld var Dritvík eitt af stærstu verstöðum á Íslandi. Á 18. öld er sagt að það var oftast 40-50 bátar í víkinni og á 19. öld fór að draga úr sjósókn úr Dritvík og útræði þaðan lauk árið 1861. Þeir bátar sem réru úr Dritvík voru flestir annað hvort áttæringar en skip sem voru minni en sexæringar voru ekki oft þarna á ferð. Fátt er hægt að sjá í Dritvík sem sýnir það að eitt sinn hafi 500-600 vermenn haft vetursetur það í



nokku mögr ár. Ekki er hægt að sjá merki um búðarleifar því að fólkíð svaf og bjó í tjöldum á meðan það var þarna. Dritvík er staðsett á Suðvestanverðu Snæfellsnesi vestan við Djúpalónssand, í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Sandurinn í víkinni heitir Maríusandur og þar standa tveir klettur kenndir við Bárð Snæfellsás. Í Dritvík gerðist saga Bárðar Snæfellsáss en hann kom þar að landi inni í lón sem gengur í nesið sunnan til og þeir kölluðu Djúpalón. Þeir komu í hellisskúta sem heitir nú Tröllakirkja. Í Dritvík eru þrjár steinar en voru fjórir svo kallaðir aflraunasteinar sá léttasti heitir Amlóði og er 23 kg, sá næsti er Hálfdrættingur og er 49 kg svo kemur Hálfsterkur 140 kg og Fullsterkur 155kg. Umhverfið við Dritvík er erfitt yfirferðar þar er úfið og íllfært hraun en búið er að stika gönguleiðir þar í gegn. Ástæðan að ég vildi skrifa um Dritvík er vegna þess að ég hef farið oft þangað með fjölskyldunni minni, sérstaklega þegar ég var yngri og hef margar góðar minningar frá þessum ferðum.

## Sölvahamar

Sölvahamar er u.þ.b. 50 - 60 m háir sjávarhamar norðan við Arnarstapa eða vestast í Breiðuvík á Snæfellsnesi. Í hömrunum og á svæðinu í kring er mikið fuglalífi. Niður hamrabeltið renna margir litlir fossar sem bera allir einhvern nöfn þar á meðal fossinn Þrífyssa. Fyrir ofan hamarinn er hraunið Klifhraun sem rann úr Snæfellsjökli þegar hann gaus fyrir rúmum 1.750 árum. Í Bárðar sögu Snæfellsás er Sölvahamar tekinn fyrir. Þar er sagt frá því þegar Bárður reiddist ægilega út í frændur sína eftir að þeir höfðu ýtt dóttur hans fá landi á klaka og hafi aldrei sést eftir það. Bárður varð virkilega reiður út í þá bræðurna og kastaði hann Rauðfeldi í gjá sem var skýrð í höfuðið á honum eða Rauðfeldsgjá. Síðan tók hann Sölva og kastaði honum niður Sölvahamar sem var líka skírður í höfuðið á honum. Vikurvinnsla var á Jökulhálsi árið 1937 og voru byggðir stokkar ofan af hálsinum og niður á Arnarstapa og var vikurinn leiddur með vatni í stokkunum að svæðinu sem er rétt fyrir ofan bryggjusvæði á Arnarstapa. Á Arnarstapa var vikurinn kurlaður og settur í skip við Sölvahamar og var þaðan siglt með hanntil útlanda. Ástæða þess að ég valdi að segja frá Sölvahamri er því að ég er kunnugur staðhättum og af því mér finnst þetta fallegur staður og saga hans skemmtileg.




## Vatnshellir

Vatnshellir er staðsettur á sunnanverðu Snæfellsnesi, milli Malarrífs og Hellna. Ef fólk ætlar að heimsækja Snæfellsnes þá mæli ég með því að það fara í skoðunarferð í Vatnshelli með leiðsögumanni sem getur frætt þig um hellinn og söguna. Skoðunarferðin tekur um 45 mínútur. Ef þú ætlar að koma og skoða hellin þá er gott að vera í hlýjum fötum en þú færð hjálm og vasaljós hjá staðarhöldurum, það er frekar kalt niður og rakt niður í hellinum þess vegna er gott að vera vel klæddur og í góðum skóbúnaði. Það er líka farið yfir sögu Bárðar Snæfellsás og hvernig hann tengdist hellinum

Vatnshellir er eitt af elstu haunpípum Íslands sem hægt er að fara og skoða. Þessar hraunpípur mynduðust í eldgosu fyrir u.þ.b.8.000 árum. Vatnshellir er um það bil 200 metrar á lengd og dýpsti

hluti hans um 35 metrar. Eins og öll hraunlög, hraungöng og hellar á Íslandi varð Vatnshellir til þegar eldgos tók að kólna þegar ís í berginu tók að bráðna. Áhrifin skildu eftir sig skorpu yfir enn rennandi hraun sem eftir að hafa skolast í burtu skilur eftir sig hol rör. Steinefni þessa hrauns sjást enn í Vatnshelli í dag. Það sem heillar mig við staðin er að hann er svo flottur, dularfullur og þú ert kominn í allt annað umhverfi þegar þú ferð þarna niður, undir yfirborð jarðar.



## Saxhóll

Litli-Saxhóll er 40 metra hár, formfagur gígur á norðvestanverðu Snæfellsnesi og er staðsettur í þjóðgarðinum Snæfellsjökull. Gígurinn er vinsæll við uppgöngu vegna staðsetningu nálægt hringveginum um nesið og útsýni þegar komið er á toppin. Árið 2014-1026 var byrjað að leggja tröppustíg upp á Litla-Saxhóll,



stígurinn er 160 metra langur með 396 þrepum og 1,5 metrar á breidd. Við gíginn eru bílastæði til þess að leggja bílunum. Fyrr á tíð voru skemmdir unnar á hólnum þegar efni var tekið úr honum til ofaníburðar. Hólarnir eru í raun tveir, Stóri-Saxhóll og Litli-Saxhóll, þriðji hóllinn er úti í hrauninu suðvestur af bæjarrústunum og heitir hann Sauðhóll. Þar voru beitarhús og það er hellir austan í hólnum. Saxhóll var eyðibýli nyrst í Breiðuvíkurreppi undir Jökli, sem farinn var í eyði fyrir löngu eða um 1950, á Saxhóli var kirkja nær allan tíma forns siðar í landinu.

Ástæðan afhverju Saxhóll er uppáhalds staðurinn minn í Snæfellsbæ er vegna þess að þegar maður gengur upp á Litla-Saxhól er útsýnið svo fallegt, það sést í hafið, Snæfellsjökul og allt í kring. Þegar ég var yngri og við fjölskyldan keyrðum fram hjá dáðist ég alltaf af Saxhóli, hversu hár, fallegur hann var og hvernig fólkið nennti að labba upp á hann.